

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2022  
USK21120142

Tilvísun í mál: R21110272

**Efni: Tillaga Flokks fólksins um útboð á úrgangspjónustu Reykjavíkur**

Á fundi borgarráðs 25. nóvember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga:

„Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að bjóða skuli út úrgangspjónustu Reykjavíkurborgar. Flokkur fólksins vekur athygli á því að Samkeppnisstofnun gaf út skýrslu þar sem bent er á að með vel skilgreindum útboðum á úrgangspjónustu hafi sveitarfélög sparað 10 - 47% í kostnaði. Það ætti að vera hlutverk borgarfulltrúa að sjá til þess að úrgangspjónusta sé sem hagkvæmust fyrir íbúa og fyrirtæki. Varla er rekstur SORPU undantekning frá þeirri reglu að sparnaður náist - eða hvað? Fulltrúi Flokks fólksins vill nefna dæmi um árangur í útboði frá Osló enda skipulagsyfirvöld hrifin af mörgu því sem þar á sér stað: Eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu, m.a. fundir með hagsmunaaðilum var ákveðið að skipta útboðinu upp í nokkra þætti. Tilboðin sem bárust voru um 30-40% lægri en kostnaður í eldra kerfi. (<http://www.kretslopet.no/nyheter/497-kraftig-prisreduksjon-pa-innsamling-i-oslo>) Fulltrúi Flokks fólksins vill að úrgangspjónusta verði eins hagkvæm fyrir íbúa og fyrirtæki og kostur er. Í sveitarfélögum þar sem horft til árangurs í útgangsmálum eru oft nefnd Akureyri og Stykkishólmur en þar er úrgangspjónusta boðin út.“

Tillöggunni fylgdi greinargerð.

**Svar skrifstofu umhverfisgæða:**

Í dag er það verkefni Sorphirðu Reykjavíkurborgar að safna úrgangi við heimili í borginni. Sorphirðan afhendir efnið Sorpu bs. til meðhöndlunar og greiðir þar fyrir móttökugjöld skv. auglýstri gjaldskrá.

Hlutur einkafyrirtækja á markaðinum er núþegar talsverður. Þannig er leiga og tæming gáma á grenndar- og endurvinnslustöðvum er boðin út í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Við heimili í borginni eru nokkur þúsund endurvinnslutunnur einkafyrirtækja. Reykjavíkurborg býður út alla úrgangspjónustu við fyrirtæki og stofnanir í sinni eigu. Allir rekstaraðililar í borginni kaupa þjónustu af einkaaðilum.

Lögbundið hlutverk sveitarfélaga er að sinna sorphirðu, en þó sveitarfélögin geti keypt þjónustu verktaka til að sinna því hlutverki fyrir sig ber sveitarfélagið ábyrgð á að þjónustan sé veitt. Reykjavíkurborg bauð á árinu 2007 út hirðu á pappírstunnum í Reykjavík. Í ársbyrjun 2009 sagði verktaki sig frá verkinu á grundvelli forsendubrests, þar sem það var mat verktakans að með aukinni flokkun pappírs í blátunnu myndi umfang verkefnisins aukast umfram það sem greitt væri fyrir samkvæmt útboðinu. Að veltu hefði þurft að bjóða verkið út að nýju, en þar sem Reykjavíkurborg rak eigin sorphirðu og ekki bundin samningi um ákveðin verk og umfang þeirra var hægt að ráðast í breytingar á hirðutíðni á blönduðum úrgangi og þannig var hægt að taka yfir þessa þjónustu. Svipuð staða er í dag þegar við blasir samræming flokkunar á höfuðborgarsvæðinu að önnur



sveitarfélög eru samningsbundin verktaka með ákveðið verk og allar breytingar á umfangi þess kalla á samningaviðræður við verktakana.

Einnig ber að hafa í huga stærð Reykjavíkurborgar gagnvart öðrum sveitarfélögum og hverjir möguleikar sveitarfélagsins eru til að tryggja örugga úrgangsbjónustu til íbúanna. Ef verktaki sem sinnti sorphirðu við heimili í Reykjavík þyrfti hætta starfsemi sinni, þyrfti strax að finna annan aðila til að fylla í skarðið og byrja að þjónusta heimilin. Í dag eru tvenn fyrirtæki á markaði og miðað við hvað sveitarfélögin eru misjöfn að stærð verður að teljast ólíklegt að annar aðilinn geti bætt á sig þjónustunni án tafar.

Sveitarfélögum ber skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skylt að innheimta gjald sem nemur raunkostnaði fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Innheimta sorphirðugjalda í Reykjavík stendur undir kostnaði við söfnun og meðhöndlun úrgangs sem fellur til í Reykjavík.

Samanburður við nágrannasveitarfélög er erfiður því álagning í Reykjavík miðast við að notandi borgi fyrir það sem hann hendir, sem þýðir að lagt er gjald á hvert ílát og ef fleiri deila íláti er borgað hlutfallslega. Önnur sveitarfélög leggja fast gjald á íbúð óháð því hvort íbúðin sé með eitt ílát eða deili því með fleirum.

Flest önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á ílát undir tvo flokka úrgangs við heimili, þ.e. grátunnu og blátunnu undir pappír. Reiknaður meðalkostnaður heimilis í Reykjavík með tvær tunnur við hús árið 2021 er að viðlögðu gjaldi fyrir grenndar og endurvinnslustöðvar 45.924 krónur á ári. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða út sína úrgangsbjónustu bjóða öll upp á tvo flokka við heimili og er kostnaðurinn á bilinu 47-49 þúsund krónur á heimili óháð stærð og gerð. Eingöngu í Kópavogi er boðið upp á tunnur undir endurvinnsluúrgang þar sem má skila tveim flokkum úrgangs í ílátið.

Varðandi þátttöku íbúa í flokkun og gæði flokkunarinnar þá er árangur óháður því hver sækir úrganginn heim. Þar ræður meira aðgengilegt og þægilegt kerfi, skýrar og góðar leiðbeiningar og virk lifandi miðlun upplýsinga.

Lagt er til að tillögunni verði hafnað.

Virðingarfyllt

Friðrik Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða